



Reykjavík 20. mars 2020

Kæra samstarfsfólk.

Nú er fyrstu viku samkomubanns að ljúka og margt hefur átt sér stað í söfnuðum landsins þrátt fyrir það. Ég er stolt af því að fá að leiða kirkju sem hefur svo duglega og lausnamiðaða þjóna og raun ber vitni. Þið hafið fundið starfinu og boðuninni nýjan farveg í gegnum þá miðla sem tiltækir eru á hverjum stað. Kærar þakkir fyrir það og Guð laun.

Í ljós hefur komið að margir fara inn á miðlana og fylgjast með kyrrðar- og helgistundum, mun fleiri en venjulega sækja slíkar stundir.

Margt er í bígerð og fer af stað í dag og næstu daga. Næstu vikurnar munu birtast hugleiðingar í Morgunblaðinu frá prestum víðs vegar af landinu. Visir.is mun senda beint út nokkrar messur á sunnudögum og páskamessa verður að líkindum tekin upp og flutt í RUV. Biskupsstofa hefur hafið samstarf við sjónvarpsstöðina Hringbraut, þar sem þættir verða á dagskrá um trú og kirkju. Í dag verður sendur út annar póstur til presta með bænaformi til daglegs flutnings í hádegi í kirkjunum þar sem því verður við komið.

Sem fyrr höldum við okkur við tilmæli yfirvalda og minni ég presta sem fara í sóttkví eða veikjast að upplýsa prófast sinn um þá stöðu til hægt sé að bregðast skipulega við.

Eins og fram kom í síðasta bréfi hefur verið sett á útfararvakt á höfuðborgarsvæðinu og er hún skipulögð með heill ykkar í huga. Spurt hefur verið um skírnir. Er hægt að skíra barn meðan þetta ástand varir. Já, það er hægt að skíra barn en gæta verður fyllstu varúðar samkvæmt tilmælum og ráðum sem sett hafa verið fram. Bent hefur verið á að í stað þess að ausa barnið vatni með hendi mætti nota hörpuskel eins og tíðkast í kristinni kirkju þó ekki hafi það verið útbreiddur siður hér á landi. Prestar verða að finna út með foreldrunum hvernig best er að bera sig að.

Nú eru erfiðari tímar að fara í hönd þar sem allar líkur benda til að fleiri veikist á næstu tveimur vikum en hingað til. Förum varlega, án ótta, í fulli trausti til Guðs sem leiðir, blessar og verndar. Í Biblíunni eru mörg uppörvunarorðin. Guð gefi okkur kraft og þor.

*„En þau sem vona á Drottin fá nýjan kraft, þau fljúga á vængjum sem ernir, þau hlaupa og lýjast ekki, þau ganga og þreytast ekki.“ Jes. 40:31*

Með bæn um blessun Guðs í lífi og starfi,

A handwritten signature in blue ink on a light-colored rectangular background. The signature is written in a cursive style and reads "Agnes M. Sigurðardóttir".

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.